

Malbikunarstöð Hlaðbær-Colas hf
Gullhellu 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 11. nóvember 2019
UST201901-246/S.M.
08.06.02

Reglubundið eftirlit í bikstöð Hlaðbær-Colas

Þann 23. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í bikstöð Hlaðbær-Colas í Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein athugasemd var gerð.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir

Gottskálk Friðgeirsson
Gottskálk Friðgeirsson

Afrít: Heilbrigðisnefnd Hafnafjarðar- og Kópavogssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malb.st. Hlaðbær-Colas (bikstöð) Hafnarfirði



UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---------------------|----------------------------------|-------------------------|----------------------|
| Dags eftirlits | 23.10.2019 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Sigrður Magnúsdóttir |
| Fyrirtæki | Malb.st. Hlaðbær-Colas (bikstöð) | Eftirlitsmaður | |
| Heimili | Óseyrarbraut 16 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 4201871499 | Flokkur | Olía |
| Fulltrúi fyrirtækis | Harpa Þrastardóttir | ÍSAT nr. | 23.99 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Sigurður Benedikt Björnsson | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram við eftirlit en ein ábending var gerð er varðar uppfærslu viðbragðsáætlunar. Eldra frávik vegna botnþykktarmælinga helst áfram opið en unnið er að breytingu á starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með bikbirgðastöð Hlaðbær-Colas að Óseyrarbraut 16 í Hafnarfirði og var umfang eftirlitsins eftifarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Skráningar og mælingar (gr. 3.1, 3.2 og 3.3)
- Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 4.4 og 4.6)
- Tryggingar (gr. 4.7)
- Síðasta eftirlitsskýrsla
- Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Skoðunarferð um viðeigandi svæði

Í bikbirgðastöðinni er heimilt að taka á móti og geyma í stærsta geymi allt að 2200 m³ af biki og önnur þau olíuefni sem ætluð eru til malbiks- og olíumalarframleiðslu. Fyrirhuguð er stækkun á stöðinni þar sem rekstraraðili hefur fest kaup á lóðinni að Óseyrarbraut 20 og eru framkvæmdir hafnar við byggingu 3700 m³ bikgeymis á þeiri lóð. Rekstraraðili hefur sótt um breytingu á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar vegna þessa.

Farið var yfir hvort skráningar og mælingar væru í samræmi við gr. 3.1, 3.2 og 3.3 í starfsleyfi. Fram kom að gerð væri viðhaldsáætlun fyrir árið og jafnframt að allar skráningar hjá rekstraraðila væru rafrænar. Olía í fráveituvatni er mæld árlega.

Rætt var um viðbragðsáætlun vegna mögulegar bráðamengunar hafs og stranda og var hún tiltæk við eftirlit. Rekstraraðila var bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af nýjum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa ef þörf er á.

Rekstraraðili er með tryggingar í samræmi við kröfur starfsleyfisins.

Rætt var um síðustu eftirlitsskýrslu en þar kom fram eitt frávik er varðar botnþykktarmælingar á geynum. Slíkar mælingar skal gera á minnst 10 ára fresti samkvæmt starfsleyfinu. Geymar merktir EE, SB1 og SB2 voru þykktarmældir árið 2010. Þykktarmæla átti aðra geyma fyrir árslok 2015. Breytingar hafa orðið á reglugerð og eru jarðbiksgeymar nú undanskildir botnþykktarmælingu, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Rekstraraðili hefur sótt um breytingu á starfsleyfi þar sem óskað er m.a. eftir að gr. 3.2 í starfsleyfi er varðar m.a. botnþykktarmælingar verði breytt til samræmis við reglugerðina. Frávikið helst áfram opið.

Kynnt var nýtt áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Umhverfisstofnun hefur unnið drög að áhættumati fyrir starfsemi sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar og hyggst áhættumeta starfsemi samhliða vettvangsheimsóknum ársins. Í lok árs mun stofnunin síðan rýna heildrænt niðurstöður áhættumatsins og nota sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar 2020.

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði bikstöðvarinnar sem og litið á framkvæmdir við nýjan bikgeymi á næstu lóð. Svæðið er snyrtilegt, skipulagt og ekki tilefni athugasemda.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar um mengunaróhöpp ef þörf er á.

ANNAÐ

Einnig var viðstaddir eftirlitið fyrir hönd Hlaðbær-Colas Gísli Eymarsson.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.11.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir